

AK bygg ehf,
Erindi varðar:
Minni Mástunga hótél.

Til:
Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Ak bygg ehf, festi kaupa á hótél fasteignum af Byggðarstofnun árið 2013 sem standa á lóð úr landi Minni Mástungu. Forsagan af þessu máli er sú að ábúendur á Minni Mástungu byggðu og ráku hótél sem Byggðarstofnun tók yfir þegar ekki reyndist lengur rekstrargrundvöllur fyrir starfseminni.

Eftir að nýir aðilar tóku yfir hótelið hefur gengið á ýmsu í samskiptum við ábúendur á Minni Mástungu. Meðal annars var lokað fyrir aðkomu að hótelinu í gegnum land Minni-Mástungu og reynt að hækka lóðarleigu upp úr öllu valdi. Bæði þessi mál enduðu fyrir Hæstarétti og féllu dómur í þeim báðum nýjum eiganda í hag.

Það mál sem hefur samt valdið hvað mestum erfiðleikum snýr að skorti á köldu vatni fyrir starfsemina en þegar nýir eigendur tóku við lokuðu ábúendur á Minni-Mástungu fyrir kalt vatn sem hótelið hafði haft afnot af. Þessi gjörningur hefur komið veg fyrir að eðlileg starfsemi geti hafist og því valdið eigendum miklu fjárhagslegu tjóni enda hafa ekki fundist aðrar leiðir til að tryggja kalt vatn til starfseminnar.

Lengi vel var von okkar að vatnsveitu framkvæmdir sem stóðu yfir á svæðinu á vegum Skeiða- og Gnúpverjahrepps myndu leysa málið og sjá starfseminni fyrir köldu vatni enda töldum við eðlilegt að sveitarfélagið kæmi að lausn þessa máls þar sem það gaf út byggjarleyfi fyrir starfsemi á þessum stað og lóðin er skilgreind undir verslun og Þjónustu í aðalskipulagi Skeiða og Gnúpverjahrepps. Þess má líka geta að fasteignagjöldin eru ca. 1.1 milljón á ári þrátt fyrir að ekki sé mögulegt að hefja starfsemi þar sem ekkert kalt vatn er til staðar.

Nú hyllir loks undir lausn á þessu máli en Ak bygg hefur hafið framkvæmdir við vatnsveitu á lóðinni sem er ætlað að sjá starfseminni fyrir köldu vatni. Nú er búið að bora 90 metra djúpa holu sem virðist ætla að skila góðum afköstum og góðu vatni.

Við óskum eftir að aðkomu sveitarfélagsins svo hægt sé að ljúka málinu og klára framkvæmdir sem fyrst. Við erum líka til í að skoða möguleika á samstarfi við sveitarfélagið um aðkomu að framkvæmdum og jafnvel nýtingu á umfram-vatni úr borholunni sem gæti t.d. nýst nærliggjandi bæjum ef þörf er á því.

Í framhaldi óskar AK bygg ehf, verk eftir fjárhagslegum stuðningi frá Sveitarfélaginu. Stuðningur frá sveitarfélaginu gæti t.d. verið í formi lækkunar á fasteignagjöldum tímabundið.

F/h AK bygg ehf,
Kristmundur Árnason